

Starfsskýrsla

Starfsárið 2012

Þessi skýrsla inniheldur yfirlit yfir helstu verkefni starfsmanna Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða starfsárið 2012

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Tilgangur félagsins er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum og að styrkja forsendur byggðar með því að bæta jarðveg viðskipta til framtíðar

Félagið býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum fjölbreytta þjónustu á sviði viðskiptaráðgjafar og rannsókna. Þjónustan er endurgjaldslaus upp að vissu marki.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (Atvest)...

- Tekur þátt í og er leiðandi við mótun atvinnustefnu á Vestfjörðum.
- Hefur frumkvæði í leit að sóknarfærum í atvinnulífinu.
- Stendur fyrir sérstökum rannsóknar- og þróunarverkefnum, sem stuðla að þróun atvinnutækifæra.
- Aðstoðar fyrirtæki, einstaklinga, sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir við að kanna nýjungar í atvinnurekstri.
- Veitir fyrirtækjum og einstaklingum almenna viðskiptaráðgjöf svo sem ráðgjöf varðandi vöruþróun, fjármögnun, markaðssetningu og rekstur.
- Hefur frumkvæði að samvinnu við aðila í atvinnulífinu og eflir samstarf milli þeirra.
- Er tengiliður milli tækni- og þjónustustofnana atvinnulífsins og þeirra sem eru í atvinnurekstri eða starfa að atvinnumálum.
- Miðlar upplýsingum um tækni, rekstur og fjármögnunarmöguleika og aðstoðar við gerð umsókna og lána.
- Stendur fyrir uppbyggingu fagþekkingar og stjórnunarkunnáttu með námskeiðahaldi og annarri fræðslustarfsemi.



Ofangreind mynd sýnir einfalda framsetningu á hvernig Atvest vinnur. Félagið vinnur með ótalmargar hugmyndir sem skjólstæðingar og hagsmunadælar félagsins koma fram með. Sú vinna sem félagið innir af hendi er að umbreyta þeim í verðmæti sem eru sýnileg út á við. Efnahagsleg verðmæti er nauðsynlegt að skilgreina í hverju verkefni fyrir sig, en slíkt getur verið fólgið í aukinni þekkingu, tekjum, störfum, sparnaði eða öðrum þeim verðmætum sem verkefnið getur skapað.

Starfsstöðvar og starfsmenn

Atvest er með þrjár starfsstöðvar á Vestfjörðum. Í Árnagötu 2-4 á Ísafirði, í Aðalstræti 53 á Patreksfirði og í Höfðagötu 3, Hólmavík.

Starfsmenn félagsins á árinu 2011 voru:

Shiran Þórisson, framkvæmdarstjóri staðsettur á Ísafirði.

Margrét Birkisdóttir, skrifstofa á Ísafirði.

Guðrún Eggertsdóttir, verkefnastjóri á Patreksfirði, sem sagði starfi sínu lausu í lok árs.

Magnús Hansson, verkefnastjóri á Patreksfirði.

Valgeir Ingólfsson, verkefnastjóri á Patreksfirði sem ráðinn var tímabundið vegna fæðingarorlofa hjá félaginu.

Viktoría Ólafsdóttir, verkefnastjóri á Hólmavík var hluta úr ári og fór svo í fæðingarorlof á árinu.

Stjórn

Stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða 2012-2013 skipa:

Ómar Már Jónsson, Súðavík

Guðni Einarsson, Suðureyri

Andrea Björnsdóttir, Reykhólahreppi

Guðrún Stella Gissurardóttir, Bolungarvík

Eiríkur Finnur Greipsson, Flateyri

Ásthildur Sturludóttir, Patreksfirði

Guðmundur Valgeir Magnússon, Bíldudal

Varastjórn 2012-2013:

Albertína F Elíasdóttir, Ísafirði

Matthildur Helga og Jónudóttir, Ísafirði

Sveinn Ragnarsson, Reykhólahreppi

Óðinn Gestsson, Ísafirði



Sigurborg Þorkelsdóttir, Ísafirði

Anna Lóa Guðmundsdóttir, Ísafirði

Þorsteinn Newton, Hólmavík

Viðskiptaráðgjöf

Unnar voru rekstraráætlanir og viðskiptaáætlanir bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem notaðar voru til að fá niðurstöður um rekstrarhæfi og til að ræða við fjármögnunaraðila og lánastofnanir.

Auk þess var veitt ráðgjöf við styrkumumsóknir í margvíslega styrkjasjóði til dæmis Menningarráðs Vestfjarða, Kvennasjóðs, AVS, Nýsköpunarmiðstöðvar, Rannís, Nýsköpunarsjóð Námsmanna, Nora, og Ferðamálastofu.

Aðstoð og ráðgjöf var jafnframt veitt varðandi markaðssetningu, vörubrúun, auglýsingagerð o.fl. til fjölda fyrirtækja og einstaklinga. Öll þessi verkefni flokkast hjá félaginu sem viðskiptaráðgjöf og náði sá málaflokkur félagsins yfir eftirfarandi verkefni:

Söfn, sýningar og minjavernd	Brugghús
Styrkumsóknir	Fiskiología
Viðskiptaáætlanir vegna Hótel framkvæmda	Kayakframleiðsla
Vatnsátöppun	Trésmiðja
Laxeldi	Gistingu í dreifbýli
Bleikjueldi	Sjóstangveiðifyrirtæki
Uppbygging verslunar	Heilsutengd ferðaþjónusta
Fréttaflutningur af svæðinu	Farþegasiglingar
Kynning á lausum lóðum í sveitarfélögum	Matvinnslueldhúss
Útgerð og lítil fiskvinnsla	Tölvubrúunar verkefnis
Ferðaskrifstofa	Kræklingavinnsla
Vinnsla á hliðarafurðum úr sjávarútvegi	Upplýsingamiðlun fyrir upprunamerkingar Matís
Þvottastöð fyrir netapoka í eldiskvím	Klasasamstarf
Handverksframleiðsla	Umsóknir í Menningarráð, söfnunarátak
Fatahönnunarfyrirtæki	Rekstraráætlanir og umsóknargerð til NMI
Vatnsfyrirtæki	Kalkþörungavinnsla
Ævintýraferðaþjónustufyrirtæki	Lánaumsóknir til Byggðastofnunnar
Handverksframleiðsla	
Áburðarframleiðsla	
Veitingastaðir	
Bílaleiga	
Samskipti og samstarf gæðaáfangastaða í Evrópu	
Frumkvöðlaráðgjöf	
Umsókn í Framkvæmdarsjóð Ferðamálastofu	

Stærri sérverkefni

Auk ofangreindgreinda verkefna er hér stuttlega gerð grein fyrir stærri verkefnum félagsins sem unnin eru sjálfstætt hjá félaginu eða eins og er oftast í samstarfi við fleiri aðila úr atvinnulífinu eða stoðkerfið

Sjávarútvegsklasi Vestfjarða er samstarfsvettvangur kjarnafyrirtækja í sjávarútvegi og hefur Atvest unnið með þessum klasa frá 2005. Á árinu var unnið í flutningamálum, uppsetningu á enskri heimasíðu fyrir www.wss.is og IPA umsókn fyrir sjávarútvegsklasann.

Eldisklasi Vestfjarða er samstarfsvettvangur eldisfyrirtækja á Vestfjörðum sem Atvest vinnur með. Á árinu 2012 var unnið að frekari öldufarsmælingum í Ísafjarðardjúpi til að styðja við frekari uppbyggingu á sjókvíaeldi m.a. 7 þús. tonna laxeldi.

Kræklingaklasi Vestfjarða er samstarfsvettvangur kræklingafyrirtækja á Vestfjörðum sem Atvest vinnur með. Á árinu 2012 var mest unnið í markaðspróun og markaðssamskipti við Holland en því til viðbótar var gagnaöflun og gagnaúrvinnsla og verkefni um ræktunaraðstæður unnar af verktaka fyrir klasann.

Ráðstefna um framtíð Vestfirskra sjávarbyggða var haldin þann 22. september 2012 þar sem 70 þátttakendur og 7 fyrirlesarar fjölluðu um stöðuna á Vestfjörðum og framtíðartækifæri. Ráðstefnan var tekin upp og gefið út á vefnum ráðstefnurit. Þetta var samstarfsverkefni NMÍ, Háskólaseturs, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Matís sem Atvest leiddi.

Vaxtarsamingur Vestfjarða hefur verið í umsókn Atvest frá 2005 og árinu 2012 voru styrkt verkefni fyrir um 35 milljónir króna. Verkefni voru margvísleg, mest á sviði uppbyggingu ferðaþjónustu og sjávarútvegs og vísast í heimasíðu www.vaxvest.is fyrir nánari upplýsingar um verkefni.

Sóknaráætlun Vestfjarða 2013 var mótuð á árinu 2012 og hélt Atvest utan um vinnufundi á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík ásamt því að vera þátttakandi í samráðsvettvangi um málið þar sem Atvest stýrði vinnuhópum um menntun- og rannsóknir og nýsköpunar- og þróunarverkefni. Verkefnið var unnið í nánú samstarfi við Fjórðungssamband Vestfirðinga og að lokum voru mótuð verkefni fyrir 53 milljónir króna.

Hvetjandi Atvest annast framkvæmdastjórn eignarhaldsfélagsins Hvetjanda. Á árinu var tekin ákvörðun um að selja úr eignasafninu bréf í Hótel Ísafirði og Iceland Pro Angling og að fjármunirnir úr þeim sölum myndu verða nýtt í frekari fjárfestingar í sprotafyrirtækjum.

Atvinnuþróunar- og Nýsköpunarhelgi var haldin í Október 2012 þar sem tóku þátt 14 frumkvöðlar. Mörg áhugaverð verkefni litu dagsins ljós og var unnið að uppsetningu fyrirtækja í kringum þessa helgi.

Haggreiningar er árvisst verkefni hjá Atvest þar sem unnið er að greiningum á stöðu atvinnulífs á svæðinu. Unnið er með skattagögn og rafrænar kannanir sem Atvest sendir út.

Stefnumótun fyrir atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar er verkefni sem hefur verið í gangi síðan 2011 og snýst um að gera tillögur til Ísafjarðarbæjar um hvaða stefnu þau eigi að hafa varðandi uppbyggingu og vöxt atvinnulífsins

Kynning svæðisins gagnvart fjárfestum er verkefni sem hófst formlega 2011 með www.inwest.is. Á árinu 2012 var farið í viðræður við 2 erlenda ráðgjafa um fjárfestingar sem snúa að vatnsútflutningi og uppbyggingu á sjávareldi þ.m.t. kræklingarækt. Þetta verkefni er enn í gangi.

Umsókn um IPA fjármögnun vegna sjávarútvegsklasa Vestfjarða var fyrirferðamikil á seinni hluti starfsársins. Umsóknin byggðist á að efla sjávarútveginn á svæðinu með aukinni markaðsvitund, gæðavitund og fræðslu starfsmanna. Umsókn var skilað í lok nóvember en vinnan nýtist við stefnumótandi umræðu klasans til lengri tíma.

IPA Watertrail. Verkefnisstjórn, tengslamyndun og umsóknargerð. Atvest lagði inn IPA umsókn í þeim tilgangi að undirbúa þátttöku Vestfjarða í uppbyggingarsjóðum Evrópusambandsins. Atvest er aðalumsækjandi og ber því ábyrgð á samskiptum, undirbúningi og framkvæmd verkefnis og aðkomu allra aðila umsóknarinnar. Meðumsækjendur eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Norðurlandi Vestra og Vestfjörðum ásamt stofnunum og öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu. Markmið IPA Watertrail er að þróa 6 hágæða vetraráfangastaði á heimsklassa þar sem fagleg hönnun og gæðastefna eykur gæði framkvæmda og sjálfbæra hugsun þátttakenda.

Vatnavinir Vestfjarða, verkefnisstjórn, klasasamstarf og umsóknargerð. Markmið verkefnisins er að stuðla að nýsköpun á samtarfssvæðinu, auka verðmætasköpun, þróa heilsutengda þjónustu og auðvelda þátttöku hagsmunaaðila í framkvæmd slíkra verkefna. Þátttakendur þróa einstakt aðdráttarafl og hágæða áfangastaði í vetrarferðamennsku með því að virkja á umhverfisvænan hátt heitt vatn, jarðvarma og náttúru landsins til atvinnusköpunar og bættrar heilsu ferðamanna.

Stefnumótun atvinnumála, verkefnisstjórn, stefnumótun atvinnumála á Ströndum og Reykhólahrepps. Markmið verkefnisins er að íbúar í samvinnu við sveitarfélög marki sér stefnu í atvinnumálum og skapi samstöðu um framþróun með liðveislu Atvest. Markmiðið er að sveitarfélögin setji sér skýra skriflega atvinnumálastefnu um hvernig það ætlar að koma að einstökum verkefnum innan sveitarfélagsins.

SjávarSmiðjan/Þaraböð, viðskiptaráðgjöf, umsóknargerð í Átak kvenna, Ferðamálastofu o.fl. Atvest hefur veitt SjávarSmiðjunni frumkvöðlaráðgjöf, lagt áherslu á mótun sérstöðu, tengslamyndun og áframhaldandi vörupróun. Markmið SjávarSmiðjunnar er að koma á fót heilsutengdri upplifunar- og vellíðunarferðþjónustu með því að þróa og gera tilraunir með sérhæfð heilsuþöð; s.s. þaraböð en árið 2013 verða gerðar tilraunir með saltböð og ýmiskonar heilsuþætandi afþreyingar. Unnið er að því að laða enn frekara fjármagn eða fjárfesta að verkefninu til að leiða fyrirtækið og möguleika þess enn lengra áfram. Umsóknargerð 2012 skilaði 1,3 milljóna króna til verkefnisins.

Ferðþjónustan Reykjanes, viðskiptaráðgjöf, umsóknargerð Ferðamálastofa. Ferðþjónustan á Reykjanesi með leiðsögn Atvest vinnur að því að móta heildarmynd svæðisins, þar sem sérstaða þess

er dregin fram og gerð aðlaðandi og áhugaverð fyrir ferðamanninn. Atvest hefur aðstoðað Ferðabjónustu Reykjaness við að afla fjármagns til ákveðinna verkþátta þar sem ráðist verður í faglega hönnun, skipulagningu og uppbyggingu á fjórum forgangsverkefnum árið 2013.

Reykholahreppur, verkefnisstjórn, umsóknargerð Ferðamálastofa um skipulag og hönnun áfangastaðar. Í þessari umsókn hafa Reykholahreppur og Sjávarsmiðjan (þaraböðin á Reykhólum) tekið höndum saman um að leiða þróunarvinnu og móta sameiginlega framtíðarsýn, skipuleggja og hanna sjálfbæran áfangastað sem stuðlar að jákvæðri upplifun ferðamanna. Markmið verkefnisins er að efla og draga fram sérkenni Reykhóla, leyfa ferðamanninum að upplifa náttúruperlur og menningu svæðisins á sama tíma og stutt er við nýsköpun og vörubrúun ferðabjóna og frumkvöðla, þar á meðal Sjávarsmiðjunni.

Varðveisluverðar húseignir í Vesturbyggð. Atvest hefur unnið í samstarfi við heimamenn á sunnanverðum Vestfjörðum að varðveislu merkra húsa á Patreksfirði og Bíldudal. Vatneyrarbúð er eitt af elstu húsunum á Vatneyri á Patreksfirði og í uppbyggingu þess hefur verið varið liðlega 40 milljónum króna. Pakkhúsið á Vatneyrinni á Patreksfirði er byggt í þremur hlutum: Sá elsti er byggður af Ólafi Jóhannessyni kaup- og útvegsmanni árið 1896 sem fiskgeymsla. Skjaldborgarbió er í daglegu tali kallað Skjaldborg. Í dag er rekið bió í húsinu og hefur Lionsklúbbur Patreksfjarðar haldið utan um þær sýningar. Heildarkostnaður við uppbyggingu Skjaldborgarbíós er um 23 milljónir króna. Járnsmiðjan (Gamla smiðjan) á Bíldudal var reist fyrir næstsíðustu aldamót, líklega í kringum 1894. Endurbótum á smiðjunni á Bíldudal lauk síðla árs 2012 og verður hún formlega tekin í „notkun“ aftur á Bíldudals grænum sumarið 2013.

Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti. Atvest var falið af þáverandi sveitarstjórn Vesturbyggðar (árið 2008) að aðstoða safnvörð Minjasafnsins við ýmis verkefni s.s. uppsetningu sýninga, styrkumsóknir og fleira er lýtur að rekstri safnsins. Þessi verkefni hafa fylgt félaginu allar götur síðan

Vatnsverkefni í Tálknafirði. Gerð var greinargerð af ÍSOR (Íslenskum orkurannsóknum) vegna efnasamsetningu vatns úr borholum á Sveinseyri í Tálknafirði. Í framhaldi af niðurstöðum þeirrar greinargerðar var ákveðið í samráði við Íslandsstofu og Útflutningsráð Íslands að eigendur verkefnisins færu á sýningu í Jedda í Saudi Arabíu. Tilgangur ferðarinnar var að nálgast væntanlega kaupendur og kynna sér vatnsmarkaðinn í mið austurlöndum og í framhaldi af því að byggja upp viðskiptasambönd. Ekki hefur enn verið farið í útflutning á vatni frá Sveinseyri í Tálknafirði

Heimasíða verkefnisins er www.icelandicmountainwater.is

Hótel á Patreksfirði. Undirrituð var viljayfirlýsing í október mánuði árið 2010 þar sem Atvest var falin verkefnastjórn með hótél byggingu á Patreksfirði en hafði áður náð að landa fjárfestum að verkefninu. Stofnað var félagið Aðalstrætis 100 ehf. um byggingu og rekstur hótels á Patreksfirði og eru eigendur þess Oddi hf. á Patreksfirði og Fosshótel á Íslandi.

Endurbyggð var fasteignin Aðalstræti 100 á Patreksfirði, sem áður var sláturhús, en þar á undan frystihús. Lokaafurðin varð síðan 40 herbergja hótél (3ja stjörnu) á Patreksfirði sem fullnægir kröfum ferðamanna til næstu framtíðar.

Laxeldisuppbygging á sunnanverðum Vestfjörðum hefur verið mikil á síðastliðnum 2 árum. Atvest hóf vinnu varðandi grunnrannsóknir og greiningar sem lögðu grunnin að þeirri uppbyggingu sem nú er orðin að veruleika. Áform um laxeldi á svæðinu eru í kringum 7-8 þúsund tonn og má áætla að það skapist um 100 störf til viðbótar við þau 30 sem nú þegar eru komin í þessa eldisuppbyggingu á svæðinu. Til viðbótar við grunnrannsóknir þá hefur Atvest verið í ráðgjafahlutverki varðandi uppbyggingu á sameiginlegum þjónustufyrirtækjum fyrir eldið ásamt því að hafa tekið þátt í umræðum um leyfismál, leyfisveitingar og þróunarverkefni til lengri tíma.